

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1991, um gjaldprotaskipti ofl. (197. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að tímamörk og frestir til riftunar ráðstafana þrotamanns verði tímabundið lengdir í 4 ár.

Viðskiptaráð tekur undir með höfundum frumvarpsins að rík ástæða er til að rannsaka þær aðgerðir sem áttu sér stað fyrir og við hrun fjármálakerfisins haustið 2008. Hluti af þeirri rannsókn eru þeir gerningar sem áttu sér stað innan fyrirtækja fyrir þrot þeirra og skoða þarf hvort um gilda gerninga hafi verið að ræða eða hvort ástæða sé til að rifta þeim á grundvelli laga um gjaldprotaskipti. Höfundar frumvarpsins telja að sá tímarammi sem núgildandi lög gera ráð fyrir til slíks sé ekki nægur við aðstæður sem þessar þar sem álag er mikið og mál umsvifamikil. Hægt er að taka undir að í einhverjum tilvikum sé þörf á lengri frestum til að vinna úr slíkum málum.

Það er hins vegar mat Viðskiptaráðs að þegar kemur að sértækum aðgerðum í kjölfar hruns beri að fara varlega, gæta meðalhófs og að faglega sé staðið að breytingum. Sérstaklega ber að huga vel að öllum sértækum úrræðum í lögum, sem eiga að ná til einstakra þátta eða tiltekinna tímabila, í þeim tilgangi að leiðrétta það ástand sem að hluta leiddi til stöðu þjóðfélagsins í dag. Rík þörf þarf að liggja fyrir til að réttlæta slík úrræði.

Hvað ofangreint frumvarp ræðir, verður að gera athugasemd við orðalag þess vegna þess hve óskýrt það er. Af orðalagi ákvæðis 1. greinar verður ekki með fullri vissu skilið til hvaða tímabils því er ætlað að ná og í raun hversu víðtæk heimild í því felst. Svo virðist sem í því felst bæði að rýmka eigi enn frekar þá afturvirku heimild til riftunar sem í XX. kafla laganna felst og einnig tímaramma 148. greinar til að koma fram riftun með dómi.

Nauðsynlegt er að skýra nánar til hvaða tímabils frumvarpinu er ætlað að ná. Sé það ætlun höfunda frumvarpsins að rýmka þessar heimildir verður að gæta sérstakrar varúðar svo að meðalhófs sé gætt. Aukið réttaröryggi felst í vel gerðum og skýrum lagaákvæðum og um leið getur óskýrt orðalag valdið mikilli réttaróvissu þegar kemur að túlkun og beitingu lagaákvæðis. Sérstaklega skyldi forðast slíka óvissu á tímum sem þessum þar sem trú á stjórnvöld og réttarkerfið er grundvöllur uppbyggingar í þjóðfélaginu.

Viðskiptaráð leggur til að ákvæðið verði endurskoðað með það að leiðarljósi að tilgangur þess sé skýr og vafi leiki ekki á um túlkun þess.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands